

28. febrúar 2024

Óttarr Proppé & Linda Rós Alfreðsdóttir



Fjölmenningarráð Reykjavíkur

Stjórnarráð Íslands

Mennta- og barnamálaráðuneytið



Grunnstefið í tillögunum

Stóraukinn stuðningur við börn af erlendum uppruna þar sem áhersla er lögð á fyrstu þrjú árin eftir komu til landsins óháð aldri og skólastigi. Stuðningurinn miðast við þarfir hvers barns og aðstæður þess.



Fyrstu 1000 dagarnir

Sett verður aukið fjármagn í kennslu í íslensku sem annað mál í grunnskólum, stuðningur aukinn við móttöku og málörvun á leikskólastigi og íslenskubrautum í framhaldsskólum fjölgað, ásamt því að aukin verður samfélagsfræðsla á íslenskubrautunum.



Styrking stoðþjónustu

Miðstöð menntunar og skólaþjónustu verður verulega styrkt í hlutverki sínu í miðlægðri skólaþjónustu og námgagnagerð í þágu barna af erlendum uppruna. Aukin áhersla verður á þátttöku barna af erlendum uppruna í íþróttum og tómstundastarfi.



Farsæld barna

- Öllum börnum sem hlotið hafa alþjóðlega vernd stendur til boða að vera úthlutað málstjóra í samræmi við annað stig þjónustu samkvæmt lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.
- Hlutverk málstjórans er meðal annars gerð stuðningsáætlunar og að samræma þjónustu sem stendur til boða. Horft verður sérstaklega til aukinnar þátttöku í íþrótta- og tómstundastarfi.